

## 1244. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. febrúar 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Mætt á fjarfund voru:** Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Fríða Thoroddsen, Jón Steinar Brynjarsson og Arnþór Sigurðsson, varamaður í stjórn.

**Gestur fundarins:** Árni Leósson, starfsmaður VR og fyrrverandi fundarritari stjórnar.

**Næsti fundur:** 8. mars 2023.

Dagskrá:

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár var tekin mynd af stjórn fyrir ársskýrslu félagsins, eins og gert er árlega.

### 1. Fundargerðir 1242. og 1243. stjórnarfunda VR voru lagðar fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerðir 1242. og 1243. stjórnarfunda VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar.

Áður en gengið var til næsta dagskrárliðar óskaði Ragnar Þór eftir að fresta næsta dagskrárlið sem var samþykkt og bauð Árna Leósson velkominn á fundinn. Árni ritaði fundargerðir stjórnar um margra ára skeið en lætur nú af störfum vegna aldurs. Ragnar Þór þakkaði Árna fyrir ómetanleg störf fyrir stjórn og félagið allt og afhenti honum gjöf frá stjórninni.

Árni yfirgaf því næst fundinn um kl. 18:15.

### 2. Samþykkt milli funda. Ályktun vegna miðlunartillögu

Fyrir fundinum lá skjalið „Ályktun frá stjórn vegna miðlunartillögu“ til kynningar.

Á stjórnarfundum 1243 var samþykkt að stjórn sendi frá sér ályktun vegna miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Ályktunin var samþykkt af stjórn í gegnum tölvupóstsamskipti á milli funda og er birt hér í heild sinni.

## Ályktun frá stjórn VR

VR gerir alvarlegar athugasemdir við inn grip ríkissáttasemjara í kjaradeilu Eflingar stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Með því að leggja fram ótímabæra miðlunartillögu hefur ríkissáttasemjari slegið verkfallsvopnið úr höndum stéttarfélags sem hefur þegar hafið atkvæðagreiðslu um boðun aðgerða.

Miðlunartillaga er neyðarúrræði til lausnar kjaradeilu. Mikilvægt er að stéttarfélög og viðsemjendur þeirra fái tækifæri til að vinna að lausn í sínum kjaradeilum og beita til þess þeim ráðum sem þeim standa til boða. VR gerir þá kröfu að samningsréttur stéttarfélaganna sé virtur og skorar á ríkissáttasemjara að draga tillögu sína til baka.

Stjórn VR  
27. janúar 2023

Umræður

### 3. Kjaramál – staðan

- a. Vinnufundur miðstjórnar ASÍ
- b. Fundir með ráðherra um tollamál

Ragnar Þór fyrir yfir vinnufund miðstjórnar Alþýðusambandsins sem haldinn var dagana 7. og 8. febrúar 2023. Fundurinn hafi gengið vonum framár, mikill vilji væri fyrir því að draga úr þeirri spennu sem ríkt hafi síðustu misseri. Á vinnufundinum hafi verið rætt um skipulag og hlutverk miðstjórnar og forystu sambandsins. Einnig var rætt um stöðuna í kjölfar ákvörðunar Seðlabankans að hækka stýrivexti en fyrirhugaður er formannafundur til að ræða málin. Þá var rætt um komandi kjarasamninga og var hljómgrunnur fyrir þeirri hugmynd formanns VR að verkalýðshreyfingin fari sameinuð inn í kjarasamninga með öðrum hætti en verið hefur.

Umræður

Ragnar Þór sagði frá því að fundað hafi verið með matvælaráðherra og fjármálaráðherra um tollamál en í nýgerðum kjarasamningi VR og LÍV við Félag atvinnurekenda er bókun þar sem aðilar sammælast um að óska eftir því við stjórnvöld að farið verði í vinnu við að afnema og lækka tolla. Ragnar Þór sat fund með matvælaráðherra og varaformaður VR, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, sat fund með fjármálaráðherra.

Umræður

### 4. Breytingar á reglum um dánarbætur

Fyrir fundinum lágu skjölin „Dánarbætur tillögur að breytingum“ og „Tillögur að breytingu á 3. gr. starfsreglna Sjúkrasjóðs VR um dánarbætur“ til umræðu og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson kynnti hvernig dánarbótum væri háttað hjá félaginu í dag, þar þa meðal upphæðir og hverjir geta sótt um dánarbætur. Almennar dánarbætur vegna fráfalls fullgilds félagsfólks eru kr. 500 þúsund og vegna barna kr. 800 þúsund fyrir hvert barn. Dánarbætur vegna andláts barna félagsfólks er kr. 400 þúsund. Eldri félagar fá frá kr. 210 þúsund til kr. 350 þúsund.

Stefán fór yfir hvernig dánarbætur hafa breyst í áranna rás. Hann benti á að komið hafi fram gagnrýni vegna mismunandi dánarbóta til eldri félaga eftir hjúskaparstöðu og hafi stjórn félagsins beint því til stjórnar Sjúkrasjóðs að endurskoða reglur um dánarbætur. Stefán fór jafnframt yfir samanburð við önnur félög varðandi greiðslu dánarbóta til eldri félaga en það er mjög misjafnt, allt frá því að engar dánarbætur eru greiddar til eldri félaga í að þær séu greiddar til allra eldri félagsmanna.

Heildargreiðsla dánarbóta VR á árinu 2022 var 52,8 m.kr., stærsti hlutinn var greiddur til eldri félaga.

Ræddar voru tillögur að breytingum á dánarbótum, m.a. sem hér segir:

- Dánarbætur fullgildra félaga hækki úr 500.000 kr. í 1.000.000 kr. Sama upphæð verði greidd börnum.
- Þá hækki upphæð greidd vegna andláts barna félagsmanna úr 400.000 kr. í 1.000.000 kr.
- Dánarbætur eldri félaga verði 1.000.000 kr. sem verði hlutfallað niður næstu ár, þannig að eldra félagsfólk fái dánarbætur í 5 ár eftir að það hættir á vinnumarkaði.

Þessar breytingar myndu hafa í för með sér hækkun heildarbóta, áætlað um 7,4 m.kr. á ári.

Umræður.

Í umræðum kom fram ósk um að málinu verði aftur beint til Sjúkrasjóðs til frekari vinnslu og að leitað verði álits Öldungaráðs hvað varðar breytingar sem snerta eldri félaga.

Ragnar Þór lagði til að Sjúkrasjóði verði falið að leggja fram hugmyndir að breytingum á næsta fundi.

Samþykkt.

Ragnar Þór lagði til að skrifstofa félagsins myndi að auki kanna kostnað við að gera þær breytingar á greiðslu dánarbóta til eldri félaga að upphafs fjárhæð myndi vera eins og lagt er til í tillögum að ofan en myndi lækka í ákveðna upphæð eftir fimm ár og væri eftir það óbreytt.

Samþykkt.

## 5. Skipun í úrskurðarnefnd VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Úrskurðarnefnd VR skipun á nýjum fulltrúa“ til samþykktar.

Hlutverk úrskurðarnefndar VR er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga og reglna VR. Nefndin tekur ekki á málum sem varða undanþágur frá lögum og reglum.

Skv. 2. gr. reglna úrskurðarnefndar skipar stjórn VR þrjá menn í nefndina og þrjá til vara til tveggja ára. Gera þarf breytingu á skipan í úrskurðarnefnd vegna breytinga á starfsmannahaldi og er lagt til að eftirfarandi verði skipuð:

Aðalfólk:

Herdís Magnúsdóttir  
Bryndís Guðnadóttir  
Ragnar Þór Ingólfsson

Varafólk:

Guðmundur B. Ólafsson  
Steinunn Böðvarsdóttir  
Kristín María Björnsdóttir

Samþykkt.

## 6. Tillögur á aðalfundi VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Aðalfundur VR minnisblað“, „Tillögur að lagabreytingum VR 2023“, „Endurskoðun á ársreikningi VR tilboð Minnisblað um val á endurskoðunarfyrtæki“, „Tillaga að breytingu á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR v. dánarbóta barna“, „Tillaga að lagabreytingu röðun á kjörseðil“, „Tillaga að stjórnalaunum til stjórnar VR 2023-2024“ til umfjöllunar og afgreiðslu.

Aðalfundur verður haldinn miðvikudaginn 29. mars á Hótel Hilton kl. 19:30. Reiknað er með bæði stað- og fjarfundi.

Stefán kynnti tillögur um framkvæmd fundarins og önnur atriði sem hér segir:

### Fundarstjóri:

Guðmundur B. Ólafsson

### Fundarritari:

Steinunn Böðvarsdóttir

### Tillaga um framlag í VR varasjóð:

Ekki liggur fyrir hver afkoma félagsins er fyrir árið 2022. Í áætlun var reiknað með að framlagið verði 905 m.kr. sem er 100 m.kr. hækkun frá árinu á undan. Endanleg tillaga kemur þegar ársreikningur liggur fyrir.

### Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga að PWC sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2023, sjá minnisblað um val á endurskoðanda, „Endurskoðun á ársreikningi VR tilboð Minnisblað um val á endurskoðunarfyrtæki“.

**Kosning á skoðunarmönnum:**

Í umræðum var óskað eftir tillögu að skoðunarmanni reikninga en fyrir lá tillaga að Sveini Enok Jóhannssyni sem aðalskoðunarmanni. Stjórn lagði til Hörpu Sævarsdóttur.

Tillaga var gerð á fundinum um Hörpu Sævarsdóttur og Sveinn Enok Jóhannsson sem skoðunarmenn og Þóru Skúladóttur Öfjörð sem varaskoðunarmann VR. sbr. 27. gr. laga VR.

Samþykkt.

**Tillaga um félagsgjald:**

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% rennur í félagssjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilusjóð VR.

**Tillaga um stjórnarlaun:**

Sjá tillögu frá launanefnd í skjalinu „Tillaga að stjórnalaunum til stjórnar VR 2023-2024“. Sjá nánari umfjöllun að neðan.

**Tillaga um lagabreytingar:**

Tillögur um fimm breytingar á lögum félagsins sjá skjalið „Tillögur að lagabreytingum VR 2023“. Stjórn samþykkti tillögur að lagabreytingum á stjórnarfundum þann 8. júní á fundi nr. 1231. Sjá nánari umfjöllun að neðan.

## **Tillögur um breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs VR:**

Tillaga um dánarbætur barna félagsfólks sjá skjalið „Tillaga að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs VR v. dánarbóta barna“. Neðar er fjallað um tillögur að viðbótarbreytingum sem lagðar voru fyrir stjórn á þessum fundi, 8. febrúar.

Tillögur að framan voru lagðar fram til samþykktar eins og þær snúa að framkvæmd aðalfundar þann 29. mars næstkomandi.

Samþykkt, að teknu tilliti til þess að umfjöllun og afgreiðsla tillagna, sem snúa að breytingum á lögum og Reglugerð Sjúkrasjóðs VR, var tekin fyrir sérstaklega, sjá neðar í þessari fundargerð.

Stefán fór yfir tillögur að lagabreytingum. Flestar voru kynntar og samþykktar á fundi stjórnar þann 8. júní 2022, sjá fundargerð. Stefán fór yfir helstu tillögur.

Lagðar voru fyrir fundinn nokkrar breytingar / viðbætur við þær tillögur sem stjórn samþykkti á fundi sínum í júní sem segir hér að neðan.

Lögð var fyrir fundinn breyting á tillögu að lagabreytingu sem varðar 12. gr. 8 mgr. Störf stjórnar. Stjórn samþykkti á fundi í júní 2022 þá breytingu að stjórn sé ekki heimilt að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra. Í tillöguna er bætt við að ekki sé heldur heimilt að ráða stjórnarfólk sem framkvæmdastjóra.

Breytingin sem lögð var fyrir fundinn er rauðmerkt.

### **Núverandi hljóðan:**

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

### **Verði:**

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. **Stjórn er ekki er heimilt að ráða stjórnarfólk eða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess.** Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

## Skýring:

Í lögum félagsins í dag er jákvæð heimild að formaður geti jafnframt verið framkvæmdastjóri félagsins. Rétt þykir að setja skýr mörk milli formanns og framkvæmdastjóra þannig að formaður geti ekki jafnframt verið framkvæmdastjóri. Þannig er það á ábyrgð framkvæmdastjóra að sjá um daglegan rekstur á félaginu og allt starfsmannahald. Á meðan hlutverk formanns er að sinna barráttumálum félagsins, marka stefnu, vera fulltrúi og talsmaður félagsins gagnvart aðildarsamtökum, stjórnvöldum og talsmaður félagsins út á við. En hlutverk formanns og framkvæmdastjóra eru nánar tilgreind í starfslýsingum þeirra sem samþykktar eru af stjórn félagsins. Eins er ákveðin festa fólgin í því að ef kemur til formannsskipta þá er framkvæmdastjóri sem sér um að halda allri starfsemi félagsins gangandi þrátt fyrir að nýr formaður komi að félaginu. Ef sami aðili getur verið formaður og framkvæmdastjóri er meiri hættu að formaður sem framkvæmdastjóri gæti gert viðmiklar breytingar t.d. á mannahaldi án aðkomu stjórnar.

Einnig er lagt til að framkvæmdastjóri geti ekki setið í stjórn og að stjórn geti ekki ráðið einn úr sínum röðum sem framkvæmdastjóra. Með þessu er betur tryggður aðskilnaður milli stjórnar og framkvæmdastjóra. Það er eftir sem áður stjórn sem ræður og rekur framkvæmdastjóra félagsins og hann þarf að vinna eftir stefnu sem stjórnin mótar hverju sinni.

Samþykkt.

Í öðru lagi var lögð fyrir fundinn tillaga að breytingu á gr. 20.4 Um kjörseðla og röðun á lista. Í greininni er kveðið á um að röðun á kjörseðla sé eftir stafrófsröð en lagt er til handahófskennd röðun og er í greinargerð með tillögunni sagt að annað hvort verði dregið um röð frambjóðenda eða að kjörseðill verði breytilegur.

Breytingin sem lögð var fyrir fundinn er rauðmerkt:

### **Núverandi hljóðan:**

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

## Verði:

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

## Skýring:

Lagt er til að breytt verði því hvernig frambjóðendum er raðað á kjörseðil. Atkvæðagreiðsla hefur verið rafræn undanfarinn ár. Að raða upp frambjóðendum í stafrófsröð getur leitt til þess að frambjóðendur sem eru aftarlega í stafrófinu sjást ekki strax á kjörseðlinum og skrolla þarf niður til að finna þá á kjörseðlinum. Til að gæta betur jafnræðis er lagt til að frambjóðendum verði raðað í handahófskenndri röð annað hvort með því að dregið verði um röð frambjóðenda á kjörseðli eða að kjörseðillinn verði breytilegur eftir því hvenær er náð í hann.

Umræður.

Samþykkt.

Þá var tekin fyrir tillaga um reglugerðarbreytingu Sjúkrasjóðs VR vegna dánarbóta barna. Við breytingu á reglugerð sjóðsins vegna slysabóta árið 2022 féll út heimild til greiðslu dánarbóta barna. Fyrir fundinn var lögð tillaga að því að tryggja þessa heimild inn í lög félagsins.

Breytingin sem lögð var fyrir fundinn er rauðmerkt.

## Núverandi grein:

11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

## Verði:

11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.



Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félagsmanna, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjúðsins hverju sinni.

Skýring:

Mistök voru gerð við síðustu breytingu á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR árið 2022 þegar gr. 12 var felld á brott í heild sinni. Ekki stóð til að dánarbætur vegna barna félagsfólks myndi falla á brott. Því er lagt til að sú málsgrein verði endurvakin í Reglugerðinni og verði felld inní núverandi 11.gr.

Umræður.

Samþykkt.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir í launanefnd VR fór yfir skjalið „Tillaga að stjórnarlaunum til stjórnar VR 2023-2024“. Í skjalinu kom fram eftirfarandi:

„Á aðalfundi VR í mars 2016 var samþykkt að stjórnarlaun hækki/lækki í samræmi við launavísitölu VR. Stjórnarlaun sem voru samþykkt á aðalfundi í mars 2022 eru 54.789 kr. á mánuði. Launavísitala VR hefur hækkað á tímabilinu um 8,44%. Lagt er til að stjórnarlaun verði 59.413 kr. á mánuði vegna starfsársins 2023-2024. Laun varamann eru 54.789,- kr. fyrir hvern setin stjórnarfund lagt er til að þau hækki um 8,44% og verði því 59.413 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund. Á stjórnarfundum í mars 2018 var gerð breyting á tillögu launanefndar og felld út lægri fjárhæð sem hafði verið á launum varamanna og sett í stað sama fjárhæð fyrir varamenn eins og fyrir aðalmenn ef þeir mættu á einn stjórnarfund í mánuði en þau geta ekki orðið hærri þó haldnir séu fleiri en einn fundur í mánuði.

Lagt er til, eins og verið hefur, að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður stjórnar Orlofssjóðs VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði.

Lagt er til sama fyrirkomulag með nefndarfundum eins og samþykkt var á síðasta aðalfundi að greiddar verði kr. 5.958 kr. fyrir setin nefndarfund er það hækkun um 8,44% en nefndarlaun eru í dag 5.494 kr.

Launanefnd leggur til sama fyrirkomulag á ferðakostnaði eins og var samþykkt á síðasta aðalfundi eða um að VR greiði ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Umræður.

Kl. 20:30 óskaði Ragnar Þór eftir heimild til að lengja fundinn til kl. 21:15.

Samþykkt.

Í umræðum var samþykkt að gera könnun meðal stjórnarfólks um hversu mikill tími færi í fundarsetu sem og undirbúning og önnur störf í þágu félagsins.

Ragnar Þór lagði til að launanevnd myndi taka tillögur um laun stjórnarfólks til frekari vinnslu og leggja fyrir fastmótaðar tillögur á aðalfundi.

Samþykkt.

## 7. Verklag við ráðningu framkvæmdastjóra

Fyrir fundinum lá skjalið „Verklag við ráðningu framkvæmdastjóra – tillaga“.

Á stjórnarfundum VR þann 8. júní 2022 var samþykkt tillaga að lagabreytingu þar sem kveðið er á um að stjórn sé ekki heimilt að ráða formann sem framkvæmdastjóra félagsins. Í kjölfarið fól stjórn launanevnd að koma með tillögu til stjórnar að verklagi við ráðningu á framkvæmdastjóra.

Launanevnd lagði fram tillögu að verklagi við ráðningu á framkvæmdastjóra sem Sigríður Lovísa Jónsdóttir í launanevnd VR fór yfir. Í tillögunni er m.a. lagt til ferli við ráðningu framkvæmdastjóra og skilgreint hlutverk launanevndar og stjórnar. Þá var lagt fram, til skýringar, dæmi um starfs- og ábyrgðarsvið og menntunar- og hæfniskröfur sem gerðar voru í auglýsingu þegar framkvæmdastjóri var ráðinn 2013.

Umræður.

Ragnar Þór lagði til að málið myndi liggja á milli funda og frekari tillögur unnar sem lagðar yrðu fyrir næsta fund.

Samþykkt.

Kl. 21:15 óskar Ragnar Þór eftir heimild til að lengja fundinn til kl. 21:30.

Samþykkt.

## 8. Launakjör formanns og framkvæmdastjóra VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Minnisblað um launakjör formanns og framkvæmdastjóra VR 2022-2023“.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir úr launanevnd VR fór yfir helstu atriði minnisblaðsins. Lagt er til að laun formanns og framkvæmdastjóra hækki í takt við umsamdar launahækkningar kjarasamninga. Auk þess er lagt til að bifreiðastyrkur formanns falli niður en formaður fái til afnota bíl frá félaginu sem áður var notaður á skrifstofu VR á Selfossi.

Umræður.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir óskaði eftir að bókað yrði það mat hennar að laun formanns væru of lág í ljósi umfangs starfsins og þær hæfniskröfur sem gerðar eru til viðkomandi.

Minnisblaðið og tillögur um launakjör formanns og framkvæmdastjóra lagðar fyrir stjórn.

Samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið um kl. 21:30.